



FUNDARGERÐ 493. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þriðjudaginn 20. febrúar 2024. Fundurinn er settur klukkan 07:37. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

Fundarstjóri: Valdimar Víðisson, formaður stjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fund: Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Guðfinnur Sigurvinsson, Orri Hlökkversson, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri, sækja staðfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Erindi frá áhættunefnd – áhættuskrá og helstu áhættur í rekstri

Svana Helen kynnir áhættuskrá SORPU og fyrirkomulag áhættumats áhættunefndar.

2. Ársuppgjör SORPU bs. fyrir árið 2023

Aðalbjörg Sigurpórsdóttir, verkefnastjóri hjá SORPU, og Theodór S. Sigurbergsson endurskoðandi hjá Grant Thornton, taka sæti á fundinum klukkan 07:45.

Theodór gerir grein fyrir drögum að ársreikningi SORPU fyrir árið 2023.

Guðfinnur Sigurvinsson tekur sæti á fundinum klukkan 08:05.

Aðalbjörg vísar af fundi klukkan 08:42.

3. Starfsskýrsla endurskoðunarnefndar

Lárus Finnbogason, formaður endurskoðunarnefndar SORPU, tekur sæti á fundinum klukkan 08:50. Lárus gerir grein fyrir starfsskýrslu endurskoðunarnefndar SORPU.

Lárus og Theodór víkja af fundi klukkan 09:07.

4. Starfsáætlun stjórnar

Ísól Fanney Ómarsdóttir, verkefnastjóri hjá SORPU, tengist fundinum með fjarfundarbúnaði 09:07. Ísól kynnir drög að starfsáætlun stjórnar fyrir yfirstandandi ár.

Ísól aftengist fundi 09:21.



Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 5. mars klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 09:21.